

29. stjórnarfundur FUM

Félags um menntarannsóknir

haldinn í KHÍ

6. desember 2004 kl. 15:30

Mættir: Jóhanna Einarsdóttir formaður, Hafþór Guðjónsson gjaldkeri, Guðný Guðbjörnsdóttir og Börkur Hansen meðstjórnendur, Guðrún Geirsdóttir, ritari. Kristín Guðmundsdóttir boðaði forföll.

- *Fundargerð síðasta fundar.*

Lesin og samþykkt.

- *Námsstefna- uppgjör-framhald*

Rætt var um námsstefnuna sem haldin var 13. nóvember síðastliðinn. Allir sem rætt hefur verið við hafa verið ánægðir með þetta framtak. Höfum fengið fyrirspurnir um lengri og ítarlegri námskeið og komið fram sú hugmynd að halda framhaldsnámskeið í notkun beggja forrita eftir áramót. Þátttaka á námskeiðum var góð og stóðu þau bæði undir sér fjárhagslega. Gjaldkera falið að ganga frá greiðslum til kennara námskeiða.

- *Tímaritið*

Rætt var um stöðu tímarits og framtíðarútgáfu. Ákveðið að taka upp umræðu um félagsgjöfl og árskrift að tímariti eftir að það hefur komið út og uppgjör liggur fyrir.

- *Félagsgjöld*

Gjaldkeri hefur þegar sent út greiðsluseðla vegna félagsgjalda en var falið að minna á þá aftur.

5. Ákveðið að halda næsta fund miðvikudaginn 12. janúar 2005 kl. 11:30 í KHÍ.

Fundarritari
Guðrún Geirsdóttir